



Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á 50 ára afmæli Þorlákshafnar
11. ágúst 2001

Heiðruðu Þorlákshafnarbúar
Góðir hátíðargestir

Við erum hér saman komin til að minnst merkra tímamóta í sögu Þorlákshafnar og afhjúpa glæsilegt verk eftir einn fremsta myndlistarmann okkar Íslendinga.

Sagan, maðurinn og sjórinn eru að sögn höfundarins kveikja verksins sem hér mun standa um ókomna tíð og sú þrenning er vissulega táknræn fyrir Þorlákshöfn, bæjarbrag og mannlíf allt

Sagan sem rakin verður allt aftur til hins merka biskups sem Íslendingar hafa um aldir skipað í öndvegi heilagra manna og minnst dánardægurs hans fyrir rúmum átta hundruð árum jafnan í aðkomu jóla, þótt trúnaður hans tengist kaþólskum sið og þjóðin hafi að mestu verið lútersk í um hálf túsund.

Maðurinn sem hefur mótað það umhverfi sem nú blasir við augum, reisulega byggð og öflug atvinnufyrirtæki, græðari sanda sem áður voru örfoka en birtast okkur nú sem grösugar lendur.

Sjórinn sem sú auðlind sem veitt hefur íbúum Þorlákshafnar afl til góðra verka, oft harður húsbóndi en líka gjöfull, matarkista og forðabúr, grundvöllur vinnslu og veiða sem skapað hafa tækifæri til uppbyggingar sem hér hafa svo sannarlega verið vel nýtt.

Það sýnir skarpa sýn hins snjalla listamanns Helga Gíslasonar á kjarnann í lífi og tilveru Þorlákshafnar að velja þrenninguna saga, maður, sjór til að marka kaflaskil í lífi byggðarlagsins, heiðra á þann hátt það góða fólk sem á langri ævi helgaði bænum krafta sína og horfa um leið

fram á veg, sýna einurð og atorku sem áfram munu tryggja velgengni og hagsæld Þorlákshafnar.

Það er mér ánægja og heiður að vera falið að afhjúpa verkið á afmælishátíð Þorlákshafnar og taka þátt í fagnaði ykkar og hátíðarhöldum.

Þorlákshöfn er öflugur merkisberi þeirrar atorku sem einkennt hefur framfararsókn Íslendinga á öldinni sem nú er nýliðin, staðfesting þess hve miklu vilji og samstaða fólksins fá áorkað þótt aðstæður hafi í upphafi virst andsnúnar því að árangur næðist.

Sandflákar og hafnlaus strönd, vegleysur og skortur á þeim landgæðum sem víðast voru talin forsenda blómlegrar byggðar – það var sú mynd sem blasti við brautryðjendunum sem höfðu áráði til að hefja hér í Þorlákshöfn uppbyggingu þéttbýlis og atvinnulífs, skapa tækifæri fyrir dugnaðarfólk sem hér tók til hendinni og með samvinnu og framsýni treysti smátt og smátt undirstöður byggðarlagsins.

Forystusveit í samvinnufélögum Árnessýslu og útgerðarmenn og sjósóknarar voru framverðir á fyrsta skeiði þéttbýlisins og síðar komu margir að því verki að gera atvinnuhættina fjölbreyttari og styrkja og efla þjónustuna við íbúana uns Þorlákshöfn hafði öðlast öll þau skilyrði sem ákjósanleg eru talin þegar greina þarf framtíðarhorfur og vega og meta sóknarfærin sem í byggðinni felast.

Vissulega getur Þorlákshöfn á þessum tímamótum glaðst yfir góðu verki og jafnframt horft bjartsýn til nýrrar tíðar.

Varanlegur og góður vegur um suðurströnd mun tengja Þorlákshöfn og byggðirnar á Reykjanesi með traustum hætti, opna nýja leið til Suðurlands sem heilla mun þúsundir ferðamanna og færa atvinnulífinu sóknarfæri. Hin fjölbreytta náttúra sem hér ríkir allt um kring er einkar forvitnileg gestum sem landsins koma: eldsumbrotin á Reykjanesi, undirlendi Suðurlands, strönd og sandar, fjallasýnin heillandi og margbreytileg, sjávarilmur og mannlífið í byggðarlögunum sem hér hafa blómstrað við úfið haf og síðan tengibraut héðan við eyjarnar útifyrir – Þorlákshöfn er svo sannarlega á krossgötum þess sem gerir Ísland að ævintýraheimi, einstakri fróðleiksmiðju fyrir þá sem kynnast vilja margbreytileika sköpunarverksins.

Stækkun hafnarinnar og aukin nýting jarðhitans eru einnig ávísun á að öldin nýja getur skapað íbúunum Þorlákshafnar tækifæri til nýrrar

sóknar í anda þeirra sem fyrir 50 árum voru staðráðnir í því að reisa hér blómlega byggð.

Listaverkið sem við fögnum hér í dag er í senn þakkargjörð til liðins tíma og áheiti um að skila áfram góðu verki, nýta mannkosti og hæfileika íbúanna til að gera Þorlákshöfn að vaxtarbæ á nýrri öld, kjölfestu í framfararsókn Sunnlendinga.

Ég færi ykkur heimamönnum hamingjuóskir á þessum tímamótum og vona að heill og gæfa fylgi Þorlákshöfn um ókomna tíð.

Ég þakka ykkur fyrir þann metnað sem birtist í því að fela framúrskarandi myndlistarmanni að skapa hér útilistaverk sem nú verður afhjúpað, tileinkað byggðarlagi ykkar, sögu þess og framtíð og ég óska Helga Gíslasyni um leið til hamingju með verkið sjálft. Megi það um langa tíð verða íbúum Þorlákshafnar og öllum þeim sem hingað koma til gleði og einnig skilnings á þeim eiginleikum sem gert hafa staðinn að blómlegri byggð.